

Föstudaginn 3. febrúar 1989.

Nr. 17/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Herði Ólafssyni

Kærumál. Hald. Frávísun frá Hæstarétti að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Með kæru 13. janúar sl. hefur varnaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur sama dag um, að hald er lögreglan í Reykjavík lagði á bifreið hans R-33252 skuli vera óhaggað og frávísun kröfu hans um ökuréttindi. Kæruheimild varðandi fyrra atriðið er að finna í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála en engin heimild er til að kæra frávísun síðari kröfunnar.

Dómkröfur varnaraðila hér fyrir dómi koma fram í greinargerð hans frá 17. janúar sl. Krefst hann þess að létt verði haldi lögreglunnar 23. desember sl. á bifreið hans R-33252 samkvæmt fyrir-mælum ríkissaksóknara 7. nóvember sl. og honum skilað henni, jafnframt að tekið verði af skarið um það, hvort áfrýjun hans 14. nóvember sl. á dómi sakadóms Reykjavíkur frá 11. s.m. leiði til þess að hann haldi ökuréttindum þar til hæstaréttardómur gengur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar með dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í greinargerð af hálfu ákærvaldsins 18. janúar sl. er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þar kemur einnig fram að með ákæru 16. s.m. hafi verið höfðað mál á hendur varnaraðila fyrir brot það, er var undanfari þeirrar ákvörðunar aðalvarðstjóra lögreglunnar í Reykjavík að hafa bifreiðina í vörslu lögreglunnar þar til öðruvísi yrði ákveðið. Í ákærunni sé þess krafist, að ákærði verði auk refsingar „dæmdur ... til þess að þola, samkvæmt 1., sbr. 2. tölulið, 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, upp-töku bifreiðarinnar R 33252“. Jafnframt er þess getið að með ákæru, útgefinni sama dag og greinargerðin er dagsett, hafi verið höfðað opinbert mál á hendur varnaraðila fyrir að aka, sviptur

ökuréttindum, sömu bifreið fjórum sinnum á tímabilinu 19. ágúst til 29. september 1988.

Málavöxtum er að öðru leyti lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Samkvæmt 104. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 frestar áfrýjun ekki verkun dóms um sviptingu ökuréttinda, nema dómari hafi kveðið svo sérstaklega á með úrskurði. Telja verður að varnaraðili hafi átt rétt á efnisúrskurði dómara um þetta atriði. Hins vegar er ekki heimilt að kæra til Hæstaréttar form- eða efnisúrskurð um þetta efni. Ber því að vísa síðari kröfu varnaraðila frá Hæstarétti.

Varnaraðili krafðist úrskurðar héraðsdómara um hald lögregluunnar á bifreið hans. Úrskurður dómara liggur fyrir. Ökuferli varnaraðila og yfirlýsingum hans um að hann hafi ekið sviptur ökuréttindum er lýst í hinum kærða úrskurði. Með ákæru 16. janúar sl. var eins og fyrr greinir höfðað mál á hendur varnaraðila fyrir að aka sviptur ökuréttindum 23. desember sl. og gerð krafa um að bifreið hans verði gerð upptæk. Með ákæru 18. s.m. er enn höfðað mál á hendur honum fyrir að hafa ekið sviptur ökuréttindum fjórum sinnum. Eru kærur á hendur honum fyrir ölvunar- og sviptingarakstursbrot því nú alls 26 árin 1986-1988. Samkvæmt yfirlýsingum hans sjálfs ók hann nær daglega sviptur ökuréttindum frá því í febrúar 1988 til þess er bifreiðin var tekin af honum og voru því ekki horfur á að hann léti af þessum brotum. Er því ekki loku fyrir það skotið að bifreið hans verði með heimild í 1., sbr. 2. tl., 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga gerð upptæk með endanlegum dómi, sbr. dóm Hæstaréttar 1986, bls. 130, þótt slík upptaka hljóti eðli málsins samkvæmt að heyra til undantekninga. Þykir því, eins og nú er komið málum, rétt að staðfesta úrskurð héraðsdóms um hald á bifreið varnaraðila.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Úrskurður héraðsdóms um hald á bifreið varnaraðila er staðfestur.

Kröfu varnaraðila um ökuréttindi er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. janúar 1989.

Ár 1989, föstudaginn 13. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, Njálsgötu 87, Reykjavík, hefur með bréfi dagsettu 28. f.m. krafist þess, að dómurinn skeri úr um:

1) hvort lögmætt sé hald lögreglunnar í Reykjavík og ríkissaksóknara á bifreið hans, R-33252, hinn 23. f.m. og

2) hvort honum sé heimilt eftir uppkvaðningu dóms sakadóms Reykjavíkur sem uppkveðinn var 11. nóvember sl. að aka bifreiðinni.

Með bréfi dagsettu 7. nóvember sl. lagði ríkissaksóknari fyrir lögreglustjóran í Reykjavík að leggja hald á bifreið úrskurðarbeiðanda, sem var sviptur ökuréttindum. Í bréfinu var vitnað í bréf Harðar, þar sem hann segist hafa ekið bifreið sinni á hverjum degi frá 14. febrúar sl.

Hinn 23. desember sl. lagði síðan lögreglan í Reykjavík hald á bifreið Harðar, R-33252, en hún er af gerðinni Renault, árg. 1986. Fyrr þennan sama dag höfðu lögreglumenn staðið úrskurðarbeiðanda að því að aka bifreiðinni sviptan ökuréttindum.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. nóvember sl. var úrskurðarbeiðandi sakfelldur fyrir 13 ölvunar- og sviptingarakstursbrot. Jafnframt var hann sviptur ökuréttindum í 4 ár frá 18. nóvember 1986 að telja. Dómi þessum hefur úrskurðarbeiðandi áfrýjað.

Með ákæru útgefni 6. október sl. höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur úrskurðarbeiðanda fyrir 8 ölvunar- og sviptingaraksturstillvik. Er sú ákæra enn til meðferðar í dóminum.

Samtals hefur úrskurðarbeiðandi því 22 sinnum á árunum 1986-1988 verið kærður fyrir ölvunar- og sviptingarakstursbrot, þar af 10 ölvunar-akstursbrot.

Svo sem áður er að vikið, lýsti úrskurðarbeiðandi því yfir í bréfi sínu til ríkissaksóknara dagsettu 4. nóvember sl. að hann hafi ekið bifreið sinni á hverjum degi síðan 14. febrúar sl.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykja verulegar líkur vera til að úrskurðarbeiðandi virði að vettugi ákvarðanir dómstóla. Til þess að koma í veg fyrir frekari akstur úrskurðarbeiðanda, sem er sviptur ökuréttindum, þykir því með vísan til 43. gr. laga nr. 74, 1974 og 1. og 2. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 rétt að staðfesta að haldlagning lögreglunnar á bifreiðinni R-33252 hinn 23. desember sl. hafi verið lögmæt, enda verður að ætla að af hálfu ákæruvaldsins verði gerð krafa um upptöku hennar í væntanlegu refsímáli.

Hvað varðar síðari kröfu úrskurðarbeiðanda lítur dómurinn svo á að nægjanlega skýrt sé tekið fram í 104. gr. núgildandi umferðarlaga sbr. áður

81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 að áfrýjun dóms fresti ekki framkvæmd ökuleyfisviptingar og enn fremur að dómara sé ekki skylt að taka það fram í dómsorði. Verður því að vísa þessari kröfu úrskurðarbeiðanda frá dómi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hald það sem lögreglan í Reykjavík lagði á bifreiðina R-33252, eign úrskurðarbeiðanda, skal óhaggað standa.

Kröfu úrskurðarbeiðanda um hvort honum sé eftir uppkvaðningu dóms frá 11. nóvember 1988 heimilt að aka bifreið er vísað frá dómi.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1989.

Nr. 268/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Helga Bergssyni

(Gunnar Sólves hrl.)

Þjófnaður. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Málinu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1988 og einnig af hálfu ákærvalds til refsibýgingar.

Fyrir Hæstarétt voru lögð nokkur ný gögn.

Af ákærvaldsins hálfu var þess krafist við flutning málsins hér fyrir dómi, að refsing ákærða verði óskilorðsbundin og að hann yrði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar. Þá var krafist staðfestingar á því, sem í héraðsdómi segir um skaðabætur, þó með þessum breytingum: „að af kröfu Miklagarðs sf., kr. 5.000, verði ákærði dæmdur til greiðslu hæstu lögleyfðu vaxta frá 14. apríl 1987 til greiðsludags en í öðrum tilvikum einungis til greiðslu dómvaxta frá birtingardegi ákæru, 30. mars 1988, til greiðsludags“.